V. Viðauki þjónustusamnings milli félags- og húsnæðismálaráðuneytis, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, kennitala: 521218-0610 (hér eftir nefndur þjónustukaupi), Vinnumálastofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík, kennitala: 700594-2039, og Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði, kennitala: 590169-7579 (hér eftir nefnt þjónustusali), um samræmda móttöku flóttafólks sem undirritaður var 30. apríl 2024.

1. gr.

Í stað orðanna „félags- og vinnumarkaðsráðuneytis“ í öllum beygingarföllum í heiti samningsins, fyrirsögn 4. gr., 1. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 11. gr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: félags- og húsnæðismálaráðuneytið.

2. gr.

Í stað orðsins „ársfjórðungslega“ í 1. mgr. 2. gr. samningsins kemur: mánaðarlega.

3. gr.

Þrátt fyrir 3. gr. samningsins tekur þjónustusali að sér að veita allt að **350** notendum í senn þjónustu.

4. gr.

2. og 3. mgr. 4. gr. samningsins falla brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. samningsins:

a). 7. mgr. orðast svo:

Í tilfellum fjölskyldusameininga við fylgdarlaus börn hér á landi skal Vinnumálastofnun, með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi, leitast við að tryggja barninu áframhaldandi búsetu í því sveitarfélagi sem það hefur dvalið í. Þiggi fjölskyldan boð um að flytjast í ákveðið sveitarfélag skal Vinnumálastofnun undirbúa komu fjölskyldunnar til landsins í samráði við sveitarfélagið. Vinnumálastofnun greiðir samkvæmt samningi þessum fyrir fjölskylduna líkt og um kvótaflóttafólk væri að ræða.

b).8. . mgr. fellur brott.

6. gr.

Í stað orðsins „átta“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. 7. gr. samningsins kemur: fjögurra.

7. gr.

5. mgr. 10. gr. samningsins fellur brott.

8. gr.

Þrátt fyrir 14. gr. samningsins, 2. gr. viðauka samningsins, 2. gr. II viðauka samningsins, 3. gr. III. viðauka samningsins sem og 8. gr. IV viðauka samningsins skal samningurinn gilda til og með 31. desember 2027.

9. gr.

Ákvæði vegna fyrirhugaðra breytinga á fyrirkomulagi greiðslna

Komi til þess að mælt verði fyrir um greiðslur til sveitarfélaga vegna þjónustu við flóttafólk í lögum og ákvæði þess efnis taki gildi á gildistíma þessa viðauka, skulu greiðslur á grundvelli laganna koma til frádráttar greiðslum samkvæmt samningi þessum.

Frádrátturinn skal þó aldrei leiða til þess að heildargreiðslur til sveitarfélagsins vegna þjónustunnar verði lægri en þær hefðu orðið samkvæmt samningi þessum.

Verði greiðslur samkvæmt lögum hærri en kveðið er á um í samningnum fellur greiðsluskylda samkvæmt samningnum niður að því leyti, en ekki kemur til neinnar endurgreiðslu eða endurkröfu af hálfu samningsaðila á hendur sveitarfélaginu.